



Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Útgarði 1, 640 Húsavík • sylumenn.is • nordurlandeystra@sylumenn.is • kt.680814-0820 • sími 458-2600

Umhverfis- og loftslagsstefna embættis Sýlumannsins á Norðurlandi eystra

Embætti sýlumannsins á Norðurlandi eystra (SMNE) stefnir á að vera til fyrirmynadar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Embættið vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningssins sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Fram til 2030 mun SMNE draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 30% miðað við árið 2019.

SMNE mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandardi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2021 og með gróðursetningu trjáa frá árinu 2022.

Stefna þessi tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamningnum. Jafnframt er stuðst við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila og Græn skref í ríkisrekstri um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi.

Umhverfis- og loftslagsstefna SMNE nær til starfsstöðva embættisins á Húsavík, Akureyri, Siglufirði, Langanesbyggð og Dalvíkurbyggð. Hún nær einnig til allrar starfsemi embættisins allt frá skrifstofuhaldi og ræstingu til verklegra framkvæmda og ferða. Stefnan á við um innkaup, vinnuumhverfi, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs.

Loftslagsstefna SMNE er yfirfarin á hverju ári af starfshópi grænna skrefa innan embættisins og markmið okkar uppfærð með tilliti til þróunar í losun GHL á milli ára.

Stefnan er samþykkt af yfirstjórn stofnunarinnar og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á innri upplýsingavef embættisins.

Sýslumaður ber ábyrgð á að farið sé eftir stefnunni og gildandi aðgerðaráætlun hverju sinni. Sýslumaður, í samráði við stýrihóp embættisins um Græn skref, fylgist með að stefnunni og aðgerðaáætluninni sé viðhaldið og þær endurskoðaðar reglulega samhliða því að niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir ár hvert.

Húsavík 17.12.2021



Svavar Pálsson, sýslumaður